



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla,  
Húnaþingi vestra, 26.-27. ágúst 2011**

---

# FUNDARGERÐ





## **FÖSTUDAGUR 26. ÁGÚST 2011**

### **Pingsetning**

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa, þingmenn og aðra gesti velkomna.

Því næst tilnefndi hann Elínu R Líndal, Húnaþingi vestra, sem þingforseta. Var það samþykkt og tók hún við fundarstjórn.

### **Tillaga að starfsmönnum fundarins**

Þingforseti lagði fram tillögu að öðrum starfsmönnum þingsins:

Varaþingforseti: Leó Örn Þorleifsson, Húnaþingi vestra

Þingritari: Ingibergur Guðmundsson, SSNV

Varaþingritari: Katrín María Andrésdóttir, SSNV

Tillagan var samþykkt.

### **Tillaga um skipun kjörnefndar**

Þingforseti lagði fram tillögu stjórnar um skipan kjörnefndar: Kári Kárason, Blönduósbae, Sigríður Magnúsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, Þóra Sverrisdóttir, Húnavatnshreppi, Elín Jóna Rósinberg, Húnaþingi vestra og Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Tillaga var samþykkt.

### **Tillaga um þingnefndir og fundarboðendur þeirra**

Þingforseti lagði fram tillögu um þingnefndir og fundarboðendur þeirra:

Fjárhags- og laganefnd: Björn Magnússon, Húnavatnshreppi, kallar nefndina saman.

Allsherjarnefnd: Elín R Líndal, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.

Tillagan var samþykkt.

## **Starfsskýrslur**

### **Skýrsla stjórnar SSNV**

**Formaður sambandsins, Bjarni Jónsson**, flutti skýrslu SSNV fyrir árið 2010. Árið var viðburðarríkt á vettvangi sveitarstjórna á Norðurlandi vestra en með sameiginlegri baráttu hefur hins vegar tekist að verja stöðu landshlutans á mörgum sviðum þó einstaka orrustur hafi tapast. Lögð hefur verið áhersla á styrkleika svæðisins og möguleika, ásamt því að standa vörð um grunnstoðir samfélagsins og þá opinberu þjónustu sem hér hefur byggst upp á undanförunum áratugum.

Frekari viðurkenning á landshlutanum, sem eins stjórnsýslu- og þjónustusvæðis í áætlunum stjórnvalda, er einn af þeim sigrum sem unnist hafa. Á margan hátt má segja að sveitarstjórnarstigið hafi verið að eflast hér, ekki einungis með yfirtöku fleiri verkefna af hálfu sveitarfélaganna og samtaka okkar, SSNV, heldur líka með vaxandi samstöðu sveitarstjórnarmanna og íbúa í landshlutanum.

Það er mikilvægt að halda til haga að efling sveitarstjórnarstigsins felst ekki einungis í sameiningu sveitarfélaga heldur og ekki síður í auknu samstarfi um grunngerð þeirrar þjónustu sem þau veita og að koma fram sem sameiginlegt afl útá við gagnvart hagsmunum svæðisins.

Rekstur Byggðasamlags um málefni fatlaðra var formlega tekin yfir af sveitarfélögunum á árinu en hér hafa sveitarfélögin með farsælum hætti haldið utan um málaflokkinn um



nokkurra ára skeið. Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð og Bæjarhreppur hafa gerst aðilar að byggðasamlagi um málefni fatlaðra á NV og hefur það orðið til að styrkja þjónustuna enn frekar.

Fjallabyggð hefur einnig gerst aðili að Heilbrigðiseftirliti NV og er það til marks um að svæðamiðuð þjónusta sem við veitum á þessum sviðum, þar sem starfsmenn og þjónusta er ekki fyrst og fremst bundin við einn stað líkt og í sumum öðrum landshlutum, mælist vel fyrir hjá sveitarfélögunum og er að skila góðum árangri.

Í deiglunni hefur verið að sveitarfélögin taki yfir fleiri stór verkefni frá ríki, eins og málefni aldraðra. Ekki ber samt að flana að neinu en fara vandlega yfir alla þætti, m.a. fjárförf.

Samstarf við samgönguyfirvöld um framkvæmd og eflingu almenningsamgangna er áhugavert verkefni og er framundan vinna við útfærslu á leiðum í þeim efnum og vonandi mun það verða að veruleika, landshlutanum til heilla. Eitt helsta markmiðið verður að tengja enn betur saman byggðakjarna í landshlutanum og treysta hann sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði.

Á vegum SSNV og aðildarsveitarfélaganna er rekið öflugt atvinnuþróunarstarf og horfum við til þess að okkur verði falin aukin verkefni og hlutverk við framkvæmd atvinnu-, og byggðaðróunar á svæðinu. Mikilvægt er að ná breiðri samstöðu í þessum mikilvægu málaflokkum.

Skrifað var undir nýjan menningarsamning við ríkið á árinu en það samstarf hefur gengið vel. Þá er gerð nýs vaxtarsamnings á lokastigi. Fleiri samstarfsverkefni eru í bígerð og eitt af stærstu verkefnum SSNV er að veita stjórnvöldum aðhald gagnvart hagsmunum svæðisins og styðja þau til góðra verka.

## **Starfsskýrsla verkefnastjóra málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra**

**Verkefnastjóri málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir,** flutti starfsskýrslu sína sem miðast við tímann milli ársþinga SSNV. Fyrirferðarmesta verkefnið var yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem átti sér stað 1. janúar sl. Umtalsverður tími hefur farið í að aðlaga núverandi skipulag að breyttu umhverfi hvað varðar lög og reglugerðir og marga fleiri þætti. Samtímis yfirfærslunni gerðust Bæjarhreppur og Dalvíkurbyggð aðilar að byggðasamlaginu. Sveitarfélögin skrifuðu undir þjónustusamning 1. apríl 2011.

Samhæfing þjónustusvæðisins, fag- og rekstrarleg, er í höndum þjónustuhóps sem skipaður er félagsmálastjórum félagsþjónustunnar á þjónustusvæðinu, verkefnisstjóra byggðasamlagsins og framkvæmdastjóra SSNV.

Fjárframlög ríkisins fyrir árið 2010 voru 400,3 millj. kr. Með tilliti til hagræðingarkröfu ríkisins var fjárhagsáætlun gerð upp á 389,8 millj. kr. og stóðst hún fullkomlega.

Niðurstaða ársreiknings 2010 er jákvæð um 15.984 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga í árslok 2010 námu 108.079 þús. kr.

Á árinu 2012 mun sérstakt jöfnunarkerfi verða tekið í notkun sem ætlað er að tryggja einstökum sveitarfélögum og þjónustusvæðum nægar tekjur til að standa undir kostnaði vegna þjónustunnar við fatlaða.

Mikilvægir aðilar í heimabyggð, utan starfsstöðva sveitarfélaga, eru Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og heilbrigðisstofnanir. Fyrirtæki og stofnanir á svæðinu eru einnig mikilvægir samstarfsaðilar þegar kemur að atvinnumálum fatlaðra.

Framtíðarsýnin er að veita heildstæða og samþætta þjónustu í heimabyggð eftir þörfum hvers og eins, þá bestu í landinu.



## **Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra**

**Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Sigurjón Þórðarson**, greindi frá starfsemi heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2010. Starfsemi heilbrigðiseftirlitsins er fjölbreytt, þ.e. mengunareftirlit, hollustueftirlit og matvælaeftirlit. Reksturinn árið 2010 gekk vel og var rekstrarafgangur um 2 milljónir. Um áramótin 2010/2011 var starfssvæðið stækkað og bættist þá Ólafsfjörður við. Það hefur leitt af sér aukið álag á starfsmenn en jafnframt auknar tekjur. Þá hafa aðrir þættir, t.d. ferðaþjónustan, verið að styrkjast, stöðum fjölga og þar af leiðandi fjölga heimsóknnum eftirlitsins. Alls eru eftirlitsstaðir um 6-700 talsins. Sigurjón taldi einnig að eftirlitið gæti tekið að sér fleiri þætti, s.s. vinnueftirlit, sem skapa myndi hagræðingu í rekstri.

Töluverð umræða hefur undanfarið verið um ýmsa þætti matvælaiðnaðar, t.d. heimabakstur, Beint frá býli o.fl. Taldi Sigurjón heppilegt að það væri í höndum heimamanna að setja skynsamlegt og sveigjanlegt regluverk um slíkan iðnað.

Að lokum þakkaði Sigurjón sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki fyrir gott samstarf.

## **Skýrsla framkvæmdastjóra, ársreikningar 2010 og fjárhagsáætlanir 2012**

**Framkvæmdastjóri SSNV, Jón Óskar Pétursson**, fór yfir ársreikninga SSNV, SSNV atvinnuþróunar, Byggðasamlags um málefni fatlaðra og Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, fyrir árið 2010. Einnig gerði hann grein fyrir rekstraráætlunum fyrir árið 2012.

Árið 2010 nam rekstrarhagnaður SSNV 7,1 m.kr. og eigið fé samtakanna var 39 m.kr. í árslok. SSNV atvinnuþróun skilaði 6,1 m.kr. rekstrarhagnaði og SSNV málefni fatlaðra 16 m.kr. Rekstrarhagnaður Vaxtarsamnings Norðurlands vestra nam 0,6 m.kr. en gjaldfærðar styrkveitingar voru 26 m.kr.

Fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2012 byggir á tveimur meginstöðum, annars vegar að halda, eins og kostur er, óbreyttu þjónustustigi og hins vegar að auka ekki álögur á aðildarsveitarfélögin. Sem fyrr ríkir nokkur óvissa varðandi þróun tekna þar sem gildandi samningur Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin rennur út í árslok 2011. Þá liggur ekki fyrir ákvörðun um framlög Jöfnunarsjóðs til landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrr en við lokaafgreiðslu fjárlaga.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Byggðasamlags um málefni fatlaðra fyrir árið 2012 eru þær að 94% heildarkostnaðar reksturs er launakostnaður og 6% annar kostnaður.

Undanfarið ár hafa SSNV og önnur landshlutasamtök, í samstarfi við fulltrúa ráðuneyta, unnið að gerð svokallaðra landshlutaáætlana sem er liður í stefnumarkandi skjali ríkisstjórnarinnar – Ísland 20/20. Þar er sett fram framtíðarsýn og leiðarljós fyrir áætlanagerð hins opinbera til næstu ára. Samhliða verður hafin vinna við að sameina stefnumótun og áætlanir í langtíma fjárfestingaráætlun og sóknaráætlanir landshluta.

Þar sem hér er um ákveðið breytt vinnulag að ræða hefur verið ákveðið að landshlutarnir skili inn til ríkisins tillögum að 5-7 áhersluverkefnum vegna fjárlaga fyrir árið 2012 sem samræmist áherslum Íslands 20/20.

Gildistími Vaxtarsamnings Norðurlands vestra rann út í árslok 2010. Á gildistímanum var stutt við 73 verkefni og er 43 þeirra lokið. Samtals námu styrkveitingar 78 milljónum kr. Unnið er að gerð nýs vaxtarsamnings.

Á árinu 2010 unnu atvinnuráðgjafar SSNV að 106 verkefnum, auk verkefna á vettvangi vaxtarsamnings.

Jón Óskar þakkaði að lokum starfsfólki SSNV góð störf og stjórnarmönnum ánægjulegt samstarf.

## **Fyrirspurnir og umræður um skýrslur.**

Engar fyrirspurnir eða umræður voru um skýrslur, reikninga né fjárhagsáætlanir. Þingforseti vísaði ársreikningunum og fjárhagsáætlunum til fjárhags- og laganefndar.



## Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur frá stjórn SSNV.

### Breytingar á samþykktum SSNV:

#### „Grein 2.1

#### UM ÁRSÞING SSNV

##### Var

Ársþing SSNV fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Þingið skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Á kosningarári sveitarstjórna skal þó halda ársþing eins fljótt og við verður komið eftir kosningar, þó eigi síðar en 31. ágúst. Ársþing hverju sinni ákveður næsta þingstað og skulu þing haldin sem víðast á starfssvæðinu.

##### Verður

Ársþing SSNV fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Þingið skal halda fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Ársþing hverju sinni ákveður næsta þingstað og skulu þing haldin sem víðast á starfssvæðinu.

#### Grein 3.3

#### UM KOSNINGAR TIL ÁRSÞINGS SSNV

##### Var

Sveitarstjórnir skulu tilkynna stjórn nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna, fyrir 1. mars ár hvert. Á kosningarári skal tilkynna nöfn kjörinna fulltrúa fyrir 1. júlí.

##### Verður

Sveitarstjórnir skulu tilkynna stjórn nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna, fyrir 1. júlí ár hvert.

Tillögu að breytingu á samþykktum vísað til Fjárhags- og laganefndar.

Þá lágu einnig fyrir eftirfarandi tillögur frá stjórn SSNV sem vísað var til allsherjarnefndar:

„19. ársþing SSNV samþykkir að greiða þeim aðildarsveitarfélögum Byggðasamlags um málefni fatlaðra sem mynduðu byggðasamlagið fram til áramóta 2010, 45 milljónir króna úr varasjóði byggðasamlagsins. Skipting þessara fjármuna á milli aðildarsveitarfélaganna taki mið af íbúafjölda þann 1. desember 2010. Mælt er til þess að þeir fjármunir verði nýttir af sveitarfélögunum til málaflokksins og nýttir skjólstæðingum byggðasamlagsins til hagsbóta.“

„Stjórn SSNV leggur til við aðildarsveitarfélögin að stofnuð verði sameiginleg barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaganna. Kosið verði í nefndina á 19. ársþingi SSNV og taki nefndin til starfa 1. janúar 2012.“

#### „Samgöngumál

19. ársþing SSNV, haldið á Reykjaskóla í Hrútafirði dagana 26.-27. ágúst 2011, leggur þunga áherslu á að áfram verði unnið að uppbyggingu vegakerfisins á Norðurlandi vestra. Áherslur sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár miðað að því að byggja upp greiðari samgöngur innan svæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun vinnusóknarsvæða að leiðarljósi. Aukin umferð ferðamanna kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónarmiðum og því er mikilvægt að horfa sérstaklega til þess að héraðsvegir verði lagðir bundnu slitlagi. Þingið lýsir yfir ánægju með hugmyndir um eflingu almenningsgangna sem hafi að markmiði að tengja saman byggðarlög innan landshlutans



og hvetur stjórnvöld til þess að styðja við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra í þeirri viðleitni. Þá telur þingið mikilvægt að áfram verði tryggt innanlandsflug til Sauðárkróks.

Þingið beinir því til Innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun.

- ✓ **Þverárfjallsvegur** – endurbygging Skagastrandarvegur frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið gerð vegarins á Sauðárkróki.
- ✓ **Héraðs- og tengivegir.** Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðsvega í Húnavatnssýslum og Skagafirði og þeir lagðir bundnu slitlagi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins árána 2011-2014
  - **Vatnsnesvegur 711.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á veginn á árinu 2012
  - **Skagavegur 745.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012
  - **Skagafjarðarvegur 752.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012 frá núverandi slitlagsenda.
- ✓ **Þjóðvegur 1.** Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 um Húnavatnssýslur.
- ✓ **Vegstæði um Holtavörðuheidi.** Nú þegar verði hafnar athuganir á lækku vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheidi og sú framkvæmd sett á samgönguáætlun.

Árþingið beinir því til þingmanna kjördæmisins að beita sér fyrir að þessar framkvæmdir nái fram að ganga sem fyrst.

Þingið mótmælir og lýsir furðu á drætti umhverfisráðherra afgreiðslu aðalskipulags í Austur Húnavatnssýslu og Skagafirði þar sem gengið er gegn lögvörðum rétti sveitarfélagana til þess að ráða skipulagsmálum sjálf.

#### „Málefni sveitarfélaga.

Árþingið leggur áherslu á, að mikið og náðið samstarf ríkis og sveitarfélaga fari fram á þeim nóttum að þar fari tvö sjálfstæð stjórnssýslustig. Þingið leggur þunga áherslu á að ekki verði ráðist í neinar þær breytingar á regluverki jöfnunarsjóðs sem skert geta framlög til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Þingið minnir á að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa um árabíl glímt við tekjusamdrátt og fólksfækkun. Árþingið leggur áherslu á að ríkið endurgreiði sveitarfélögum hækkun tryggingagjalds. Jafnframt renni aukaframlag áfram til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þingið leggur áherslu á að fjölgað verði undanþáguákvæðum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts. Bendir þingið í því samhengi á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveitufamkvæmda, kaupa á slökkvibúnaði og eyðingu refa og minka. Árþingið ítrekar ófrávíkjanlegan rétt sveitarfélaganna til þess að ráða málum sínum sjálf m.a. í skipulags- og sameiningarmálum.

#### „Fjarskiptamál.

Þingið fagnar þeim áföngum sem náðst hafa í bættum fjarskiptum á Norðurlandi vestra, þó enn megi betur gera.





*Þingið leggur ríka áherslu á að stjórnvöld beiti sér fyrir jöfnun verðlagningar á gagnaflutningum og háhraðatengingum til allra landsmanna. Um er að ræða óþolandi samkeppnislega mismunun fyrir fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni og því er afar brýnt að stjórnvöld komi strax fram með tillögur til þess að leiðrétta þennan mismun. “*

#### **„Atvinnumál.**

*Áherslumál ársþingsins varðandi atvinnumál eru eftirfarandi;*

- ✓ Að tafarlaust verið ráðist í stækkun Blönduvirkjunar og orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu og vísast til tillögu um rammaáætlun á því sambandi. Þingið minnir stjórnvöld á fyrri fyrirheit um að orka Blönduvirkjunar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Þingið skorar á stjórnvöld að beita sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna.*
- ✓ Mikilvægt er að tryggja stöðugleika og framþróun í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.*
- ✓ Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái strax fram að ganga. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.*
- ✓ Fjármagn verði tryggt til þeirra verkefna sem lögð voru til í skýrslu Norðvesturnefndar og hugað verði sérstaklega að þeim tillögum sem ekki náðu fram að ganga innan nefndarinnar.*
- ✓ Að tryggt verði að þær breytingar sem gerðar hafa verið á vinnulagi fjárlaganefndar skerði ekki framlög til þeirra verkefna á Norðurlandi vestra sem fengið hafa stuðning nefndarinnar.*
- ✓ Starfsemi atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Þingið leggur áherslu á að atvinnuþróunarfélögin verði leiðandi í boðaðri endurskoðun á stöðkerfi atvinnulífsins í landshlutunum. Þá tekur þingið undir fyrri ályktun stjórnar SSNV um að SSNV atvinnuþróun taki yfir starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar á Norðurlandi vestra.*
- ✓ Að aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt m.a. í gegnum lánasvið Byggðastofnunar og aðrar bankastofnanir í landinu.*

*Þá minnir þingið á mikilvægi fjölmargra starfa í heilbrigðisþjónustu á svæðinu. “*

#### **„Umhverfis- og náttúruverndarmál.**

*Ársþingið ítrekar fyrri ályktun um mikilvægi þess að ríkisvaldið komi að uppbyggingu Hálandismiðstöðvar á Hveravöllum.*

*Ársþing SSNV skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til eyðingar refa og minka, þar sem framlög til þessa verkefnis eru með öllu óviðunandi. Fjölgun minka og refa hefur mjög skaðleg áhrif á lífríki í landinu og eðlilegt er að ríkið komi sem fyrr að málaflöknum með sveitarfélögunum. Þingið hvetur til þess að sveitarfélögum og stofnunum þeirra verði falin*



*aukin verkefni og sjálfsstjórn á sviði svæðisbundinna málefna í umhverfismálum og umhverfiseftirliti.“*

### **„Rannsóknir, mennta- og menningarmál.**

*Árþingið hvetur stjórnvöld til að nýta þau tækifæri sem felast í eflingu Háskólans á Hólum. Kjarnagreinar skólans, þ.e. fiskeldi, ferðaþjónusta og hestamennska, munu gegna stóru hlutverki í uppbyggingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa og því er afar brýnt að styðja við og efla enn frekar háskólanám í þessum greinum.*

*Árþingið áréttar mikilvægi þess að fjárframlög til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra verði í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Þingið útrekar einnig fyrri ályktun þar sem menntamálaráðherra er hvattur til þess að horfa til þeirra möguleika sem gætu falist í að gera skólann leiðandi á ákveðnum sviðum verknáms og sækja þannig fram á eigin styrkleikum. Þingið hvetur til þess að skólanum verði gert kleift með sérstökum fjárveitinum að halda áfram þróun dreifnáms í Húnaþingi vestra.*

*Þingið telur mikilvægt að styðja áfram við uppbyggingu rannsóknar- og þekkingarsetra m.a. BioPol og Selaseturs Íslands sem þegar hafa sannað gildi sitt.*

*Þingið telur mikilvægt að áfram verði tryggt fjármagn til þeirra fjölmörgu menningarverkefna sem verið hafa í þróun og uppbyggingu á Norðurlandi vestra.*

*Farskólinn – miðstöð símenntunar og fjarnámsverin gegna afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir fyrirtæki, atvinnulíf og fjarnámsnema á framhalds- og háskólastigi í smærri byggðarlögum. Árþingið skorar á menntamálaráðherra að beita sér fyrir þátttöku ríkisins í rekstri fjarnámsvera og standa með öflugum hætti að baki símenntunarmiðstöðvum. Þingið fagnar nýlegu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnað við tónlistarnám á framhaldsskólastigi.“*

### **„Heilbrigðismál**

*Íbúum Norðurlands vestra verði áfram tryggð góð og fjölbreytt heilbrigðisþjónusta í heimabyggð. Ekki er ásættanlegt vegna öryggissjónarmiða og kostnaðar að íbúar Norðurlands vestra þurfi að ferðast um langan veg til að sækja heilbrigðisþjónustu. Fráleitt er að ríkið velti meiri kostnaði á íbúa með þessum hætti. Þingið beinir því til velferðarráðherra að fyrirhugaðar breytingar á skipulagi rekstrar heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra miði að því að efla stofnanirnar og standa vörð um það góða starf sem þar er unnið. Rekstur bráðarýma er órjúfanlegur hluti af starfsemi heilbrigðisstofnana og gríðarlegt öryggismál. Árþingið krefst þess að ekki verði gengið lengra en orðið er í niðurskurði fjárveitinga til heilbrigðisstofnanna á svæðinu.“*

### **„Opinberar stofnanir**

*Á undanförunum árum hefur verið byggð upp starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra. Má þar nefna Fæðingarorlofssjóð, Innheimtumiðstöð sekta, Atvinnuleysis-tryggingasjóð, Byggðastofnun og starfssjóð Íbúðalánasjóðs. Starfsemi þessara stofnana hefur verið til mikillar fyrirmyndar og hefur sýnt að starfsemi opinberra stofnana getur dafnað á landsbyggðinni. Árþingið krefst þess að starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra verði tryggð og kannaðir möguleikar á frekari eflingu þeirra m.a. með tilfærslu starfa og*





staðsetningu nýrra verkefna. Ársþingið fagnar ákvörðun um að Norðurland vestra sé skilgreint sem sérstakt lögregluumdæmi.

Ársþingið leggur áherslu á að sveitarfélög utan höfðaborgarsvæðisins hafi fulltrúa í stjórnun og nefndum þeim er fjalla um opinbera stjórnsýslu og þjónustu í landinu. Þingið beinir því sérstaklega til Sambands íslenskra sveitarfélaga að hugað verði betur að aðkomu sveitarfélaga á landsbyggðinni að ákvarðanatöku og nefnda- og stjórnastörfum á vettvangi þess. “

### **„Niðurgreiðslur til húshitunar**

Ársþingið skorar á þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar. Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn verulega við gerð fjárlaga fyrir árið 2012.

Þingið bendir á að á sama tíma og raforkuverð hefur hækkað verulega hefur fjárlagaliðurinn og þar með taldar niðurgreiðslunnar, staðið í stað.

Þingið telur niðurgreiðslunnar mjög mikilvægt byggða- og réttlætismál, þar sem húshitunarkostnaður vegna rafkyndingar hefur staðið mjög höllum fæti í samanburði við jarðvarmaveitur. Sá munur hefur farið vaxandi með verulegum hækkunum raforkuverðs á undanförunum misserum. “

### **„Lagning hitaveitna**

Ársþing SSNV hvetur til þess að stutt verði við uppbyggingu hitaveitna á Norðurlandi vestra til jöfnunar lífskjara.

Ársþing SSNV skorar á stjórnvöld að greiða fyrir áformum um lagningu hitaveitu til frá Reykjum til Skagastrandar.

Þá skorar þingið á forsætisráðuneytið að greiða fyrir því að Húnaþingi vestra verði tryggður nýtingarréttur á jarðhitasvæðinu á Reykjum í Hrútafirði til lagningar hitaveitu í dreifbýli. “

## **Efling sveitarstjórnarstigsins**

**Formaður starfshóps SSNV um sameiningar sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Stefán Vagn Stefánsson,** gerði grein fyrir starfsemi starfshópsins sem fundaði á Hvammstanga 14. janúar 2011. Í starfshópnum voru fulltrúar allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Nefndarmenn voru almennt á því að sameiningar ættu að koma innan frá en ekki að ofan. Stefán sagði það sitt mat að núverandi skipun sveitarfélaga á svæðinu verði ekki til frambúðar og muni kalla á sameiningar í framtíðinni. Taldi hann að byggðasamlög myndu auka flækjustigið frekar en hitt. Stefán sagði að rannsóknir hefðu leitt í ljós að sparnaður væri ekki mikill en hækkun yrði á þjónustustigi.

Niðurstaða starfshópsins var að gerð yrði könnun á svæðinu á vilja til sameiningar og var gert samkomulag við RHA um framkvæmdina. Næsta verkefni starfshópsins er að fara yfir niðurstöður könnunarinnar og ákveða framhaldið.

**Þorleifur Gunnlaugsson, formaður nefndar innanríkisráðherra um eflingu sveitarstjórnarstigsins,** kynnti helstu atriði í vinnu nefndarinnar en sveitarstjórnarmenn hafa nýlega fengið í hendur ítarlega skýrslu um þá vinnu. Þorleifur taldi upp þá fulltrúa sem í nefndinni eru og starfsmann hennar. Síðan fór hann stuttlega yfir þau verkefni sem nefndin hefur haft á sínu borði, m.a. Sóknaráætlun 20/20, fræðilega umfjöllun um sameiningar o.m.fl.



Hann sagði það sína skoðun að því meira sem hann kynnti sér þetta mál þeim mun meira ættu landshlutasamtökin að taka þessi mál í sínar hendur og fá fjármagn til þess.

Í bígerð er að halda ráðstefnu um reynsluna af sameiningum, einnig að örva umræðu um lýðræðismál en ráðstefna um þessi mál fyrir sveitarstjórnarmenn verður haldin í Tjarnarbíó 14. sept. nk.

Öllum sveitarstjórnarmönnum á landinu hefur verið sendur rafrænn gátlisti sem á að vera umræðuvettvangur um verkefni nefndarinnar. Hver og einn sveitarstjórnarmaður getur lagt sitt af mörkum með því að svara þeim þáttum sem hann hefur áhuga á. Skil á gátlista er 10. september og eru fleiri slíkir listar væntanlegir.

**Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA**, kynnti niðurstöður íbúakönnunar um viðhorf til sameiningar sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Sú skýrsla er aðgengileg á heimasíðu SSNV.

Þingforseti opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

**Sigurjón Þórðarson** taldi margt athyglisvert koma fram hjá framsögumönnum og að niðurstöður könnunarinnar væru um margt merkilegar. Hann taldi það lykilatriði að menn sæju fyrir sér hvernig þjónustustigið yrði og framtíðarskipulag áður en til sameiningar kæmi. Þá ræddi hann um svæðisráð í stærri sveitarfélögum.

**Stefán Vagn Stefánsson** tók undir það að undirbúningur sameiningar yrði að vera mjög vel unninn áður en til sameiningar kæmi. Hann sagði það rétt að í stærra sveitarfélagi minnkaði náðin og því kæmu svæðisráð vel til greina.

**Leó Örn Þorleifsson** taldi sjálfsagt að forræði í sameiningarmálum væri á hendi heimamanna. Hann taldi niðurstöður könnunarinnar um margt athyglisverðar. Búið væri að skipa nefnd um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra og væri það í samræmi við niðurstöður könnunarinnar.

Að svo mæltu settust þátttakendur í þinghaldi að snæðingi. Þingstörfum var fram haldið kl. 13:00.

## Ávörp gesta

**Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra** sagði í upphafi máls síns að hlutskipti sveitarstjórnarmanna og ríkisstjórnarliða væri áþekkt; minnkandi tekjur og vaxandi kostnaður og hvoru tveggja mætt með niðurskurði og auknum gjöldum. Endurskoða þurfi skipulag og verkferla í stjórnsýslu með það fyrir augum að forðast uppsagnir, skila betri þjónustu og nýta fjármuni sem best.

Stefna beri að því að til verði öflug og stór sveitarfélög og grunnur þess verði lýðræðislegur vilji íbúanna til sameiningar, ekki valdboð að ofan. Leiðin er m.a. sú að fela sveitarfélögunum aukna ábyrgð og verkefni, sbr. málefni fatlaðra. Brýnt sé að afgreiða nýtt frumvarp til sveitarstjórnarlaga á haustþingi, til að auka megi íbúalýðræði og styrkja fjármálastjórn sveitarfélaga.

Þá er verið að flytja almenningsamgöngur yfir til sveitarfélaganna og eru fyrstu samningarnir um þau mál þegar í höfn. Við það muni fjármunir færast frá Vegagerðinni til heimamanna.

Búið er að fækka lögregluumdæmum í átta og framundan er fækkun sýslumannsembætta. Horfa þarf á þessar breytingar í samhengi við landshlutaáætlanir.



Engar stórframkvæmdir eru yfirstandandi í samgöngumálum í landshlutanum en hlusta þarf á heimamenn, t.d. íbúa Blönduóss, varðandi vegstæði Þjóðveggar 1. Hafa þarf umhverfisvernd, fjárráð ríkisins og vilja heimamanna í fyrirrími.

Ráðherra sagði að huga þurfi vel að byggðamálum og skoða málefni Byggðastofnunar. Þá þurfi eftirlitsiðnaðurinn að koma til skoðunar svo og neytendavernd.

**Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**, flutti fundarmönnum kveðju frá þeim þingmönnum kjördæmisins sem ekki gátu komist á þingið vegna anna.

Málaflokkar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eru fyrirferðarmiklir á Norðurlandi vestra og mikilvægt að standa vörð um málaflokkana á niðurskurðartímum. Ráðherra minnti á að á svæðinu hafi verið neikvæður hagvöxtur á árunum fyrir hrun og því sé ekki eðlilegt að hefja niðurskurðinn hér. Standa þarf vörð um þær stofnanir á svæðinu sem fyrir eru.

Rannsóknir og þróunarstarf er mikilvæg tenging við atvinnulíf og án atvinnulífsins verður ekki unnið að því. Vilji er fyrir því að AVS og fleiri sjóðir horfi sérstaklega til uppbyggingar og verkefna á landsbyggðinni. Sótt er nú að starfsemi þessara sjóða og hætt er við að landsbyggðarsjónarmið verði ekki alls staðar höfð til hliðsjónar.

Ráðherra lagði áherslu á samfélagslega ábyrgð varðandi breytingar á lögum um fiskveiðistjórnun. Ætlunin er að hluti veiðigjalds renni til sjávarbyggða og lýsti hann eftir afstöðu fundarmanna vegna þessa og stuðningi.

Þá hefur vinnuhópur verið settur á laggirnar varðandi það að treysta byggðatengingar í lögum um fiskveiðistjórnun. Í honum situr m.a. Adolf H. Berndsen, Skagaströnd.

**Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra** færði heimamönnum hamingjuóskir með 80 ára afmæli Reykjaskóla sem haldið verður hátíðlegt nk. sunnudag.

Um 45% af fjárlögum ríkisins heyra undir velferðarráðuneytið og skjólstaðingar þess eru um 45 þúsund (atvinnuleitendur og fólk sem þiggur framfærslustuðning og bætur). Stærsta verkefnið er að koma atvinnuleitendum til vinnu.

Við blasir að endurskipuleggja þarf samfélagið, auka tekjur og minnka útgjöld. Þá er sameining ráðuneyta liður í því að styrkja stjórnarsýslu, efla mannaflann og samþætta verkefnin. Minnka þurfi stjórnunarkostnað svo standa megi vörð um þjónustuna. Markmiðið er að standa vörð um góða grunnþjónustu.

Í undirbúningi er yfirfærsla málefna aldra frá ríki til sveitarfélaga, væntanlega 2013 eða 2014. Þá eru í ráðuneytinu til skoðunar tillögur frá Norðlendingum varðandi heildarskipulag heilbrigðisþjónustu í landshlutanum.

Endurskoðun heilbrigðisáætlunar 2011-2020 og almannatryggingakerfisins stendur yfir og þá eru Íbúðalánasjóður og fasteigna- og leigumarkaður einnig til skoðunar.

Landshlutaáætlunin veitir heimamönnum einnig tækifæri, frumkvæði og forræði.

**Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**, flutti kveðjur frá formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga sem ekki gátu mætt sökum anna. Hann fór síðan yfir helstu áhersluþætti í starfi sambandsins.

Nýir kjarasamningar eru dýrir fyrir sveitarfélögin þó ekki sé búið að fullreikna áhrif þeirra.

Flestir þættir varðandi yfirfærslu á málefnum fatlaðra hafa gengið vel en meiri áhyggjur eru af því að tekjur dugi ekki fyrir gjöldum.

Nýtt frumvarp til sveitarstjórnarlaga er í vinnuferli og stefnt að framgangi þess í september á alþingi. Þar eru töluverðar breytingar, m.a. hertar kröfur í fjármálum sveitarfélaga.

Gunnlaugur ræddi einnig um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en þar rýrna tekjur þegar illa árar og öfugt. Þetta fyrirkomulag kyndir undir hagsveiflum sem ekki er gott.



Einnig þarf að formgera betur fjárhagsleg samskipti við ríkið, t.d. er fyrirkomulagið í Noregi þannig að sveitarfélög og ríkið hafa fjóra fasta, sameiginlega fundi yfir árið þar sem farið er yfir sameiginleg málefni og ákvarðanir teknar.

Þingforseti opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

**Sigurjón Þórðarson** tók undir orð ráðherra að fjárhagur hins opinbera væri þröngur. Þá væri vaxtahækkun óskiljanleg í núverandi árferði.

Hann taldi að kjark skorti til að endurskoða forsendur fiskveiðiráðgjafarinnar og skoraði á ráðherra að endurskoða málið. Þá gagnrýndi hann að skipan nefndar sem ætlað er að endurskoða fiskveiðiráðgjöfina sé til þess fallin að styrkja núverandi fyrirkomulag sem ekki hefur gefist vel.

Einnig hvatti hann til þess að farið verði eftir álitum Mannréttindaráðs SP varðandi fiskveiðistjórnun.

**Ágúst Þór Bragason** þakkaði sérstaklega þau orð innanríkisráðherra að hann vildi hlusta á heimamenn, t.d. hvað varðar veglínu Þjóðvegjar 1 um A-Hún. Hann gagnrýndi óhóflegar og íþyngjandi kröfur til sveitarfélaga um ýmis málefni, m.a. frágang eldri urðunarstaða. Hann þakkaði gott samstarf við ráðherra og hvatti til framhalds á því.

**Adolf H. Berndsen** fagnaði þeirri viðhorfsbreytingu ráðherra að íbúar ráði för í sameiningarmálum sem og samgöngumálum. Hann varaði við veigamiklum breytingum á fiskveiðistjórnuninni en lausn að frekari sátt um stjórn fiskveiða gæti falist í því að hækka auðlindagjald, svo fremi sem það renni aftur til landsbyggðarinnar.

Adolf spurði velferðarráðherra hvað biði manna á Norðurlandi vestra í heilbrigðismálum varðandi næstu fjárlög og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu í landshlutanum. Einnig hvað varðaði þá sem væru atvinnulausir til langtíma og ættu að njóta framfærslustuðnings frá sveitarfélögunum eftir þrjú ár. Þá ræddi hann þær breytingar sem nú eru í farvegi um að flytja fjármagn frá fjárlaganefnd til annarra aðila og taldi mikla þörf á að halda vöku sinni og verja hlut svæðisins við þá vinnu.

**Björn Magnússon** fagnaði hugmyndum innanríkisráðherra um aukið lýðræði í landinu varðandi sameiningar sveitarfélaga sem hann taldi mikilvægt. Þá spurði hann landbúnaðarráðherra hvernig dýralæknisþjónusta verði háttáð í framtíðinni. Björn lagði einnig áherslu á að fólk geti búið við örugga og góða heilbrigðisþjónustu en henni hefði hrakað á undanförunum árum.

**Viggó Jónsson** sagði að framundan væri hefðbundin vinna sveitarstjórnarmanna og fundir með ráðherrum og fjárlaganefnd. Velti hann fyrir sér hvort tíma sveitarstjórnarmanna væri vel varið í betliferðir til höfuðstaðarins. Nefndi hann úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem dæmi í því sambandi en þar væru greiðslur ekki leiðréttar þrátt fyrir reglur þar um. Einnig áréttaði hann að skipulagsmál væru á höndum sveitarfélaga og gagnrýndi að skipulag sveitarfélaga væri stöðvað af ráðherra vegna athugasemdar einkafyrirtækis. Hann spurði hvort raunverulegt hlutverk Þjóðvegjar 1 væri að stytta hringveginn eða tengja saman byggðir.

Þá ræddi hann Rammaáætlun og virkjanagerð og spurði hvort heimamenn ættu ekki að eiga hlutdeild í ákvarðanatöku í þeim málum.

**Elín R Línadal** spurði velferðarráðherra um hans hugmyndir um staðsetningu minni heilbrigðisstofnana í tengslum við hugsanlegan flutning málefna aldraðra.



**Guðbjartur Hannesson** sagði að það lægi ekki endanlega fyrir hvað gerist í fjárlögum hvað varðar fjárveitingar til heilbrigðisstofnana. Varðandi atvinnuleysisbætur á fjórða og fimmta ári þá þarf lagabreytingu fyrir áramót, annars færist sá hópur í heilu lagi til sveitarfélaganna. Þetta mál er í viðræðuferli milli sambandsins og ráðuneytisins.

Varðandi veglínur þjóðveggar 1 taldi ráðherra að afgreiða eigi skipulag sveitarfélaganna án athugasemda.

Rammaáætlun um orkunýtingu liggur fyrir sem drög og nú er tækifæri fyrir sveitarfélögin og aðra til að vinna athugasemdir og senda inn áður en skjalið fær þinglega meðferð.

**Jón Bjarnason** áréttaði að skv. lögum bæri að styðjast við vísindarannsóknir við ákvörðun um stjórn fiskveiða. Ef óvissa væri í mati þá á lífríkið að njóta vafans. Þörf væri á því að styrkja rannsóknir sem stuðlað geta að vönduðu mati, varðandi stofnstærðir og veiðipól stofna.

Ráðherra telur að breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu komi til móts við kröfur mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Hann tók undir orð Adolfs varðandi fjárlagagerð, eðlilegra væri að þingið kæmi meira að gerð fjárlaga en fyrirhugað er. Óttast hann að tenging við byggðir glatist. Þetta væri einnig varasamt fyrir lýðræðið í landinu, samskipti þingmanna við íbúa hafa minnkað.

Vegna kröfu um aðskilnað verður dýralæknisþjónusta aðskilin frá eftirlitshlutverki, þetta getur þýtt aukin kostnað fyrir þá sem kaupa þjónustuna

**Ögmundur Jónsson** kvaðst sammála Sigurjóni Þórðarsyni varðandi óafsakanlega vaxtahækkun. Brýnt væri að afnema verðtrygginguna og vextir sem hagstjórnartæki virki ekki á Íslandi. Afborganir af verðtryggðum lánnum eru léttari en heildarendurgreiðsla þess láns er hins vegar mun meiri. Hann taldi það hættulegt að fjármagn haldi verðgildi sínu en allt annað rýrni, m.a. kaupmáttur.

Mikilvægt er að hlusta á þá sem eiga að njóta þjónustunnar, sérstaklega er varðar heilbrigðis-, skipulags- og samgöngumál.

## **Framsöguerindi**

### **Almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra – Smári Ólafsson, verkfræðingur VSÓ.**

Smári ræddi yfirfærslu á flutningi almennasamgangna frá ríkinu til sveitarfélaga og kynnti vinnu sína í því sambandi en hann er, að beiðni Vegagerðarinnar, ráðgjafi landshlutasamtakanna í því sambandi. Glærur með framsögu hans eru á heimasíðu SSVN.

### **Verðmætasköpun á landsbyggðinni – Vífill Karlsson hagfræðingur.**

Vífill Karlsson kynnti rannsókn sem hann hefur unnið að undanfarin sex ár og tengist fólksflutningi af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Glærur með framsögu hans eru á heimasíðu SSVN.

Fyrirspurnir og umræður um framsöguerindi.

Til máls tóku Sigurjón Þórðarson, Elín R Línadal, Magnús Sigurðsson, Ögmundur Jónasson og Bjarni Jónsson. Að því loknu sögðu framsögumenn nokkur orð.



## Sóknaráætlun landshluta – Norðurland vestra

### Innleiðing og hópavinna

Jón Óskar Pétursson skýrði fyrirkomulag hópavinnu um Sóknaráætlun landshluta en þingfulltrúum var skipt í þrjá hópa sem ræddu í 15 mínútur um hvert eftirtalinn verkefna:

- Samgöngu- og fjarskiptamál - í umsjón Sigurjóns Þórðarsonar
- Velferðar- og menntamál - í umsjón Jóns Óskars Péturssonar
- Atvinnu- og menningarmál - í umsjón Bjarna Jónssonar

Niðurstöður hópavinnunnar fara svo til stjórnar SSNV sem tekur næstu skref í Sóknaráætluninni. Að því loknu tóku vinnuhópar til starfa.

**Kl. 17:00 frestaði þingforseti fundi til kl. 9:15 á laugardag.**

## LAUGARDAGUR 27. ÁGÚST 2011

**Kl. 9:15, að morgni laugardagsins 27. ágúst 2011, var fundi fram haldið.**

### Nefndarstörf.

Tvær nefndir tóku þá til starfa; **Allsherjarnefnd** sem Elín R Líndal stjórnaði og **Fjárhags- og laganevnd** sem Björn Magnússon var í forsvari fyrir.

### Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

### Kosningar samkvæmt lögum SSNV.

#### Fulltrúatal

Kári Kárason, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal fundarins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétt eiga 32 fulltrúar og af þeim eru 29 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Agnar H. Gunnarsson	Akrahreppur
Ágúst Þór Bragason	Blönduósþing
Hörður Ríkharðsson	Blönduósþing
Kári Kárason	Blönduósþing
Þórdís Erla Björnsdóttir	Blönduósþing
Sigurður Kjartansson	Bæjarhreppur
Björn Magnússon	Húnavatnshreppur
Magnús R. Sigurðsson	Húnavatnshreppur
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur
Elín R. Líndal	Húnaþing vestra
Leó Örn Þorleifsson	Húnaþing vestra
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Húnaþing vestra
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþing vestra
Valgeir Karlsson	Skagabyggð
Bjarni Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður
Bjarki Tryggvason	Sv.fél. Skagafjörður
Viggó Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður





Sigríður Svavarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður
Sigurjón Þórðarson	Sv.fél. Skagafjörður
Úlfar Sveinsson	Sv.fél. Skagafjörður
Margeir Friðriksson	Sv.fél. Skagafjörður
Ásta Pálmadóttir	Sv.fél. Skagafjörður
Adolf H. Berndsen	Sv.fél. Skagaströnd
Péturína Jakobsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd

### **Kosningar**

**Formaður kjörnefndar, Kári Kárason.** gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um skipan í eftirtalin embætti:

#### ***Skoðunarmenn:***

*Margeir Friðriksson, Sv.fél. Skagafjörður*  
*Guðrún Ragnarsdóttir, Húnaþing vestra*

#### ***Varaskoðunarmenn:***

*Pórunn Elfa Sveinsdóttir, Sv.fél. Skagafjörður*  
*Ólafur B. Óskarsson, Húnaþing vestra*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### **Björn Magnússon gerði grein fyrir tillögum Fjárhags- og laganefndar**

*„19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, samþykkir ársreikninga SSNV 2010, SSNV atvinnuþróunar 2010, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2010, Byggðasamlags um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 2010 og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra 2010.*

*Ársþingið samþykkir fjárhagsáætlun SSNV 2012.*

*Ársþingið samþykkir fjárhagsáætlun Byggðasamlags um málefni fatlaðra vegna ársins 2012 með fyrirvara um fjárveitingar. Húnaþing vestra gerir fyrirvara um skiptingu fjárveitinga vegna liðarins – leikfangasafn.*

*Ársþingið samþykkir fjárhagsáætlun SSNV atvinnuþróunar 2012 með þeirri breytingu að framlög sveitarfélaganna miðist við fasta krónutölu, kr. 16 milljónir og skiptist m.v. íbúafjölda 31.12.2011 og inn í áætlunina verði bætt 2 milljónum í vaxtatekjur.“*

*„19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, samþykkir eftirfarandi breytingar á samþykktum SSNV:*

*Grein 2.1 hljóði svo:*

#### **UM ÁRSÞING SSNV**

*Ársþing SSNV fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Þingið skal halda fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Ársþing hverju sinni ákveður næsta þingstað og skulu þing haldin sem víðast á starfssvæðinu.*



Grein 3.3 hljóði svo:

### UM KOSNINGAR TIL ÁRSÞINGS SSVN

Sveitarstjórnir skulu tilkynna stjórn nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna, fyrir 1. júlí ár hvert.“

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

### Elín R Líndal gerði grein fyrir tillögum Allsherjarnefndar

#### Samgöngumál

19. ársþing SSVN, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, leggur þunga áherslu á að áfram verði unnið að uppbyggingu vegakerfisins á Norðurlandi vestra. Áherslur sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár miðað að því að byggja upp greiðari samgöngur innan svæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun vinnusóknarsvæða að leiðarljósi. Aukin umferð ferðamanna kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónarmiðum og því er mikilvægt að horfa sérstaklega til þess að héraðs- og tengivegir verði lagðir bundnu slitlagi.

Þingið lýsir yfir ánægju með hugmyndir um eflingu almenningsamgangna sem hafi að markmiði að tengja saman byggðarlög innan landshlutans og hvetur stjórnvöld til þess að styðja við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra í þeirri viðleitni. Þá telur þingið mikilvægt að áfram verði tryggt innanlandsflug til Sauðárkróks.

Þingið beinir því til Innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun.

- ✓ **Þverárfjallsvegur.** Endurbygging Skagastrandarvegur frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið gerð vegarins á Sauðárkróki.
- ✓ **Héraðs- og tengivegir.** Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatnssýslum og Skagafirði og þeir lagðir bundnu slitlagi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins árána 2011-2014.
  - **Vatnsnesvegur 711.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á veginn á árinu 2012.
  - **Skagavegur 745.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012.
  - **Skagafjarðarvegur 752.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012 frá núverandi slitlagsenda.
  - **Þingeyravegur 721.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012.
  - **Reykjastrandarvegur 748.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012.
- ✓ **Þjóðvegur 1.** Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 um Húnavatnssýslur.
- ✓ **Vegstæði um Holtavörðuheiði.** Nú þegar verði hafnar athuganir á lækku vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheiði og sú framkvæmd sett á samgönguáætlun.



Árþingið beinir því til þingmanna kjördæmisins að beita sér fyrir að þessar framkvæmdir nái fram að ganga sem fyrst.

Þingið mótmælir og lýsir furðu á drætti umhverfisráðherra á afgreiðslu aðalskipulags í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði þar sem gengið er gegn lögvörðum rétti sveitarfélaganna til þess að ráða skipulagsmálum sjálf.

#### **„Málefni sveitarfélaga.**

19. árþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, leggur áherslu á, að mikið og náið samstarf ríkis og sveitarfélaga fari fram á þeim nótum að þar fari tvö sjálfstæð stjórnsýslustig. Þingið leggur þunga áherslu á að ekki verði ráðist í neinar þær breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sem skert geta framlög til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Þingið minnir á að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa um árabíl glímt við tekjusamdrátt og fólksfækkun. Árþingið leggur áherslu á að ríkið endurgreiði sveitarfélögum hækkun tryggingargjalds. Jafnframt renni aukaframlag áfram til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þingið leggur áherslu á að fjölgað verði undanþáguákvæðum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts. Bendir þingið í því samhengi á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveituframkvæmda, kaupa á slökkvibúnaði og eyðingar refa og minka.

Árþingið ítrekar ófrávíkjanlegan rétt sveitarfélaganna til þess að ráða málum sínum sjálf, m.a. í skipulags- og sameiningarmálum.

#### **„Fjarskiptamál.**

19. árþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, fagnar þeim áföngum sem náðst hafa í bættum fjarskiptum á Norðurlandi vestra, þó enn megi betur gera.

Þingið leggur ríka áherslu á að stjórnvöld beiti sér fyrir jöfnun verðlagningar á gagnaflutningum og háhraðatengingum til allra landsmanna. Um er að ræða óþolandi samkeppnislega mismunun fyrir fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni og því er afar brýnt að stjórnvöld komi strax fram með tillögur til þess að leiðrétta þennan mismun.

#### **„Atvinnumál.**

19. árþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- ✓ Að tafarlaust verði ráðist í stækkun Blönduvirkjunar og orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eins og stjórnvöld gáfu fyrirheit um á sínum tíma. Einnig vísast í til tillögu að rammaáætlun í því sambandi. Þingið skorar á stjórnvöld að beita sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna.
- ✓ Mikilvægt er að tryggja stöðugleika og framþróun í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í hvívetna.
- ✓ Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái strax fram að ganga. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.



- ✓ *Fjármagn verði tryggt til þeirra verkefna sem lögð voru til í skýrslu Norðvesturnefndar og hugað verði sérstaklega að þeim tillögum sem ekki náðu fram að ganga innan nefndarinnar.*
- ✓ *Að tryggt verði að þær breytingar sem gerðar hafa verið á vinnulagi fjárlaganefndar skerði ekki framlög til þeirra verkefna á Norðurlandi vestra sem fengið hafa stuðning nefndarinnar.*
- ✓ *Starfsemi atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Þingið leggur áherslu á að atvinnuþróunarfélögin verði leiðandi í boðaðri endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífsins í landshlutunum. Þá tekur þingið undir fyrri ályktun stjórnar SSNV um að SSNV atvinnuþróun taki yfir starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar á Norðurlandi vestra.*
- ✓ *Að aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt m.a. í gegnum lánasvið Bygðastofnunar og aðrar bankastofnanir í landinu.*

*Þá minnir þingið á mikilvægi fjölmargra starfa í heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Þingið leggur áherslu á að lengra verði ekki gengið í niðurskurði.“*

#### **„Umhverfis- og náttúruverndarmál.**

*19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, ítrekar fyrri ályktun um mikilvægi þess að ríkisvaldið komi að uppbyggingu hálendismiðstöðvar á Hveravöllum.*

*Árþingið skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til eyðingar refa og minka, þar sem framlög til þessa verkefnis eru með öllu óviðunandi. Fjölgun minka og refa hefur mjög skaðleg áhrif á lífríki í landinu og edlilegt er að ríkið komi sem fyrr að málaflokknum með sveitarfélögum. Þingið hvetur til þess að sveitarfélögum og stofnunum þeirra verði falin aukin verkefni og sjálfsstjórn á sviði svæðisbundinna málefna í umhverfismálum og umhverfiseftirliti.“*

#### **„Rannsóknir, mennta- og menningarmál.**

*19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, hvetur stjórnvöld til að nýta þau tækifæri sem felast í eflingu Háskólans á Hólum. Kjarnagreinar skólans, þ.e. fiskeldi, ferðahjónusta og hestamennska, munu gegna stóru hlutverki í uppbyggingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa og því er afar brýnt að styðja við og efla enn frekar háskólanám í þessum greinum.*

*Árþingið áréttar mikilvægi þess að fjárframlög til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra verði í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Þingið ítrekar einnig fyrri ályktun þar sem menntamálaráðherra er hvattur til þess að horfa til þeirra möguleika sem gætu falist í að gera skólann leiðandi á ákveðnum sviðum verknáms og sækja þannig fram á eigin styrkleikum. Þingið hvetur til þess að skólanum verði gert kleift, með sérstökum fjárveitingum, að halda áfram þróun dreifnáms í Húnaþingi vestra.*

*Þingið telur mikilvægt að styðja áfram við uppbyggingu rannsókn- og þekkingarsetra, m.a. Biopol, Versins, Textílseturs Íslands og Selaseturs Íslands, sem þegar hafa sannað gildi sitt.*

*Þingið telur mikilvægt að áfram verði tryggt fjármagn til þeirra fjölmörgu menningarverkefna sem verið hafa í þróun og uppbyggingu á Norðurlandi vestra.*



Farskólinn – miðstöð símenntunar og fjarnámsverin gegna afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir fyrirtæki, atvinnulíf og fjarnámsnema á framhalds- og háskólastigi í smærri byggðarlögum. Ársþingið skorar á menntamálaráðherra að beita sér fyrir þátttöku ríkisins í rekstri fjarnámsvera og standi með öflugum hætti að baki símenntunarmiðstöðvum. Þingið fagnar nýlegu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnað við tónlistarnám á framhaldsskólastigi.“

### **„Heilbrigðismál**

19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, leggur áherslu á að íbúum Norðurlands vestra verði áfram tryggð góð og fjölbreytt heilbrigðisþjónusta í heimabyggð. Ekki er ásættanlegt, vegna öryggissjónarmiða og kostnaðar, að íbúar Norðurlands vestra þurfi að ferðast um langan veg til að sækja heilbrigðisþjónustu. Fráleitt er að ríkið velti meiri kostnaði á íbúa með þessum hætti.

Þingið beinir því til velferðarráðherra að hverjar þær breytingar sem kunna að verða gerðar á skipulagi rekstrar heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra miði að því að efla stofnanirnar og standa vörð um það góða starf sem þar er unnið. Tekið verði mið af vilja heimamanna við allar breytingar. Rekstur bráðarýma er órjúfanlegur hluti af starfsemi heilbrigðisstofnana og gríðarlegt öryggismál.

Ársþingið krefst þess að ekki verði gengið lengra en orðið er í niðurskurði fjárveitinga til heilbrigðisstofnana á svæðinu.“

### **„Opinberar stofnanir**

19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, minnir á að á undanförunum árum hefur verið byggð upp starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra. Má þar nefna Fæðingarorlofsjóð, Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar, Atvinnuleysisstryggingasjóð, Byggðastofnun og starfsstöð Íbúðalánasjóðs. Starfsemi þessara stofnana hefur verið til mikillar fyrirmyndar og hefur sýnt að starfsemi opinberra stofnana getur dafnað á landsbyggðinni.

Ársþingið krefst þess að starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra verði tryggð og kannaðir möguleikar á frekari eflingu þeirra, m.a. með tilfærslu starfa og staðsetningu nýrra verkefna. Ársþingið fagnar ákvörðun um að Norðurland vestra sé skilgreint sem sérstakt lögregluumdæmi.

Ársþingið leggur áherslu á að sveitarfélög utan höfðaborgarsvæðisins hafi fulltrúa í stjórnnum og nefndum þeim er fjalla um opinbera stjórnsýslu og þjónustu í landinu. Þingið beinir því sérstaklega til Sambands íslenskra sveitarfélaga að hugað verði betur að aðkomu sveitarfélaga á landsbyggðinni að ákvarðanatöku og nefnda- og stjórnarstörfum á vettvangi þess.“

### **„Niðurgreiðslur til húshitunar**

19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, skorar á þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar. Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn verulega við gerð fjárlaga fyrir árið 2012.

Þingið bendir á að á sama tíma og raforkuverð hefur hækkað verulega hefur fjárlagaliðurinn, og þar með taldar niðurgreiðslurnar, staðið í stað.





*Pingið telur niðurgreiðslurnar afar mikilvægt byggða- og réttlætismál. Húshitunarkostnaður með rafkyndingu er mjög hár í samanburði við jarðvarmaveitur. Sá munur hefur farið vaxandi með verulegum hækkunum raforkuverðs á undanförunum misserum.“*

### **„Lagning hitaveitna**

*19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, hvetur til þess að stutt verði við uppbyggingu hitaveitna á Norðurlandi vestra til jöfnunar lífskjara.*

*Ársþingið skorar á stjórnvöld að greiða fyrir áformum um lagningu hitaveitu frá Reykjum til Skagastrandar.*

*Þá skorar þingið á forsætisráðuneytið að greiða fyrir því að Húnaþingi vestra verði tryggður nýtingarréttur á jarðhitasvæðinu á Reykjum í Hrútafirði til lagningar hitaveitu í dreifbýli.“*

### **Barnaverndarnefnd**

*„Ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, samþykkir að vinna að sameiningu barnaverndarnefnda á starfssvæðinu og felur stjórn SSNV fullnaðarafgreiðslu málsins að fenginni umsögn aðildarsveitarfélaganna um endanlega útfærslu á framkvæmdinni.“*

Ofangreindar tillögur voru samþykktar samhljóða.

### **Skipting fjármuna**

*„19. ársþing SSNV, haldið í Reykjaskóla 26.-27. ágúst 2011, samþykkir að greiða þeim aðildarsveitarfélögum byggðasamlags um málefni fatlaðra, sem mynduðu byggðasamlagið fram til 31. desember 2010, 45 milljónir úr varasjóði byggðasamlagsins. Skipting þessara fjármuna á milli aðildarsveitarfélaganna taki mið af íbúafjölda þann 1. desember 2010. Fjármunir verði nýttir af sveitarfélögnum beint til málaflokksins, skjólstæðingum byggðasamlagsins til hagsbóta.“*

Breytingatillaga frá Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur:

*„Ársþing SSNV felur stjórn byggðasamlagsins að tryggja, í samráði við þjónustuhóp um málefni fatlaðra, að óráðstöfuð framlög 31.12.2010, að frádregnu rekstraruppgjöri til sveitarfélaga vegna reksturs árið 2010, verði nýtt til þjónustu fatlaðs fólks innan þjónustusvæðis aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins sem stóðu að þjónustusamningi við ríkið.“*

Breytingatillaga Grétu Sjafnar var felld með 16 atkvæðum gegn 6.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt með 17 atkv. gegn 2.

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Ég harma að aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins hverfi frá 11 ára markmiðum og skipulagi byggðasamlagsins með því að færa fjármagn frá byggðasamlaginu til sveitarfélaganna. Ég legg áherslu á að markmiðið er að fjármagn fylgi þjónustuþörf og verði nýtt til þjónustu en ekki í framkvæmdir.“*





## **Umræður um málefni sveitarfélaganna**

Bjarni Jónsson lagði til að sá starfshópur sem skipaður var um sameiningar sveitarfélaga á Norðurlandi vestra starfi áfram á næsta starfsári.

Elín R Líndal hvatti alla sveitarstjórnarmenn að lesa vel drög að nýju sveitarstjórnarfrumvarpi sem liggur fyrir alþingi og koma á framfæri skoðunum sínum á því.

Adolf H. Berndsen bauð til næsta ársþings á Skagaströnd að ári.

Elín R Líndal þakkaði fyrir sig og gott þing og gaf síðan formanni orðið.

Bjarni Jónsson þakkaði fyrir starfsamt þing, gestgjöfum fyrir góðar móttökur, þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir góð störf og fundarmönnum fyrir málefnalegar umræður. Síðan sagði hann þinginu slitið, klukkan 11.50.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.